

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 21. maí 1974.***Kristján Eldjárn.**
(L. S.)*Magnús T. Ólafsson.***L Ö G**

um breyting á lögum nr. 55/1971, um fiskvinnsluskóla.

FORSETI ÍSLANDS*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Menntamálaráðherra skipar fimm manna skólanefnd með þessum hætti: Einn nefndarmanna skal skipaður eftir tilnefningu Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, einn eftir tilnefningu fiskimálaráðs og skal hann vera fulltrúi aðila fiskiðnaðarins, tveir eftir tilnefningu nemenda Fiskvinnsluskólans úr hópi reglulegra nemenda skólans, en formaður skólanefndar skal skipaður án tilnefningar. Fimm varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Tilnefning nemendafulltrúa gildir til eins árs, en hinna til fjögurra ára. Um starfssvið og skyldur skólanefndar skal nánar kveðið á í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 21. maí 1974.***Kristján Eldjárn.**
(L. S.)*Magnús T. Ólafsson.***L Ö G**

um landgræðslustörf skólafólks.

FORSETI ÍSLANDS*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Heimilt er að kveðja til starfa við landgræðslu a. m. k. tvo daga á hverju skólaári hvern þann nemanda, sem orðinn er 12 ára eða eldri og stundar nám í skóla, sem kostaður er af ríkinu að einhverju eða öllu leyti, enda sé nemandinn hraustur og ófatlaður.

2. gr.

Landgræðslustörf samkvæmt lögum þessum eru græðsla lands og hvers konar vinna vegna gróðurverndar, gróðursetning trjáplantna, grisjun skóga og fegrun skóglendis; gróðursetning skrudjurta og endurbætur skrudgarða; lagfæring og fegrun umhverfis skóla, gistihúsa, sjúkrahúsa eða annarra opinberra menningar- og líknanstofnana.

Lög þessi taka hvorki til tünræktar né annarra sérstakra framkvæmda á lög-
býlum.

3. gr.

Menntamálaráðuneytið hefur yfirumsjón með framkvæmd þessara laga.

Skógrækt ríkisins — að fengnum tillögum Skógræktarfélags Íslands — velur verkefni og skipuleggur framkvæmdir, þar sem unnið er á skóglendi.

Landgræðsla Íslands — að fengnum tillögum Landverndar — velur verkefni og skipuleggur landgræðslustörf nemenda í skólum í Reykjavík, sbr. þó 2. málsg.

Búnaðarsamband á því svæði, þar sem skóli starfar utan Reykjavíkur, velur verkefni og skipuleggur landgræðslustörf skólafólks á búnaðarsambandsvæðinu.

Verkefni skólafólks við landgræðslu, sbr. 2. gr., skulu valin í samráði við hlut-
aðeigandi skólastjóra og fyrir eitt skólaár í senn.

4. gr.

Skólastjóri ákveður, hvaða daga á skólaárinu skal unnið að landgræðslu, og til-
kynnir það nemendum skólans.

Skólastjóri eða kennari skal hafa eftirlit með landgræðslustörfum nemenda skól-
ans.

5. gr.

Ferðakostnað nemenda vegna landgræðslustarfa skal telja með skólakostnaði.

6. gr.

Í reglugerð, sem menntamálaráðuneytið setur, skal kveða nánar á um land-
græðslustörf skólafólks.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 21. maí 1974.

Kristján Eldjárn.
(L. S.)

Magnús T. Ólafsson.